

# Vinsamleg borg fyrir börn og unglunga

Fundur þriðjudaginn 10. nóvember kl. 20 á Kjarvalsstöðum

**Hvernig má skipuleggja borg fyrir börn og unglunga?** – er spurning sem glímt verður við í fundarröð sem umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar stendur fyrir ásamt Hjálmari Sveinssyni, formanni umhverfis- og skipulagsráðs.

Sagt hefur verið að borg sem er vinsamleg börnum sé jafnframt góð fyrir alla aðra. Aðbúnaður barna og unglunga er því gott viðmið í borgum.

**Hjálmar Sveinsson**, Halldóra Hrólfsdóttir skipulagsfræðingur, **Dagný Bjarnadóttir** landslagsarkitekt og **Trausti Jónsson** tómstunda- og félagsmálafræðingur taka til máls en þau hafa öll reynslu og þekkingu á því að móta umhverfið út frá þörfum barna og ungmenna.

Spurt verður: Hvernig má auka leikgleðina í borgarrýminu? Hvernig á að skipuleggja skemmtilega, skapandi og örugga borg fyrir börn?

Fundurinn er bæði fyrir fag- og áhugafólk um vinsamlega borg og gott skipulag.

Allir velkomnir, kaffihúsastemming og rjúkandi kaffi á könnunni.



**Reykjavíkurborg**  
Umhverfis- og skipulagssvið

